

10. mars 2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 20. febrúar 2006 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um aukatekjur ríkissjóðs, 403. mál á 132. löggjafarþingi.

Frumvarpið færir ríkissjóði nýjar heimildir til gjaldtöku fyrir ýmis viðvik sem valda stjórnsýslunni kostnaði. Nánar tiltekið eru lögð á ný gjöld vegna i) gagnaöflunar embætta vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum, ii) umsóknna um ríkisborgararétt og tilkynninga um ríkisborgararétt, iii) umsóknna um dvalarleyfi og búsetuleyfi, iv) beiðna til mannanafnanefndar um ný nöfn og v) rafænan aðgang að Lögbirtingarblaðinu. Varðandi síðasta atriðið er einungis um að ræða útfærslu á gjaldtöku samkvæmt ákvæðum laga 15/2005 um Stjórnartíðindi og Lögbirtingarblað.

Það er galli að frumvarpinu fylgir ekki áætlun um tekjurnar sem það færir ríkissjóði. Fyrir því má hins vegar færa hagkvæmnirök að stjórnsýslan taki gjöld er taki mið af kostnaði við þjónustu hennar við einstaklinga og lögaðila, enda stuðlar það að skynsamlegri nýtingu framleiðsluþátta. Ekki eru lagðar fram upplýsingar til þess að meta hvort fyrirhuguð gjaldtaka sé í samræmi við líklegan kostnað. Ekki verður heldur séð að gjaldtakan skipti ríkissjóð sköpum. Seðlabankinn telur fyrirhugaða gjaldtöku eðlilega í efnahagslegu samhengi, en telur það ekki í sínum verkahring að fjalla um málið að öðru leyti.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Davíð Oddsson
formaður bankastjórnar

Jón Sigurðsson
bankastjóri